



1186. stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 25. febrúar 2019, kl. 12:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1185. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1185. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Aðgerðaáætlun vegna verkfalla

Ragnar Þór sagði frá því að fundað hafi verið alla helgina. Tímaáætlun hafi verið stillt upp og tekið út til hvaða fyrirtækja verkfall muni ná til. Þetta er snúið og flókið verkefni – allt þarf að standast lög og reglur.

Stefán sagði nú frá því að verkfallsnefnd VR og framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR hafi fundað um helgina. Aðgerðaáætlun okkar er samstillt við aðgerðir Eflingar stéttarfélags. Fór hann nú yfir tímalínu næstu daga sem er þannig:

- 26. febrúar fundur með starfsmönnum VR
- 27. febrúar fundur í trúnaðarráði VR
- 28. febrúar fundur með öllum trúnaðarmönnum VR
- 1. mars tilkynning um aðgerðaáætlun okkar send út
- 2. mars auglýsing kjörstjórnar um atkvæðagreiðslu birtist
- 4. mars verkfallskosning hefst
- 5. mars opinn upplýsingafundur fyrir VR félaga á Hilton Nordica
- 5. – 7. mars Ragnar Þór heimsækir fyrirtækin sem verkfall tekur til (11. mars stjórnarkosningar hefjast í VR)
- 12. mars atkvæðagreiðslu um verkfall lýkur
- (15. mars stjórnarkosningum lýkur)
- 21. mars fyrsti dagur verkfalls ef samþykkt verður í atkvæðagreiðslu

Þá fór Stefán yfir nöfn þeirra fyrirtækja sem verkfall næði til á slæðum en þau eru eftirfarandi:



Fosshótel Reykjavík ehf, kt. 6912094740,
Íslandshótel hf, kt. 6301692919,
Flugleiðahótel ehf, kt. 6212976949,
Cabin ehf, kt. 7012022280,
Hótel Saga ehf. kt. 4610150340,
Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf., kt. 4509051430,
Hótel Klettur ehf., kt. 4703110450,
Keahótel ehf., kt. 6012997049,
Hótel Frón ehf. , kt. 4204983229,
Hótel 1919 ehf., kt. 4604050920,
Hótel Óðinsvé hf., kt. 6705140640,
Hótel Leifur Eiríksson ehf., kt. 5902993759,
Hótel Smári ehf. kt. 6312150680,
Fjörúkráin ehf. (Hotel Viking), kt. 6304901119,
Hótel Holt Haust ehf., kt. 4205025910,
Hótelkeðjan ehf., kt. 4712042340
Hópbifreiðar Kynnisferða ehf. ehf. kt. 6203720489
Allrahanda GL ehf., kt. 5712922979

Verkföll í þessum fyrirtækjum væru svo á eftirfarandi tímum:

- a. Frá kl. 00:00 til kl. 24:00 þann 21. mars 2019
- b. Frá kl. 00:00 þann 28. mars 2019 til kl. 24:00 þann 29. mars 2019
- c. Frá kl. 00:00 þann 3. apríl 2019 til kl. 24:00 þann 5. apríl 2019
- d. Frá kl. 00:00 þann 10. apríl 2019 til kl. 24:00 þann 12. apríl 2019
- e. Frá kl. 00:00 þann 17. apríl 2019 til kl. 24:00 þann 19. apríl 2019
- f. Frá kl. 00:00 þann 22. apríl 2019 til kl. 24:00 þann 24. apríl 2019
- g. Frá kl. 00:00 þann 1. maí 2019, ótímabundið

Þetta eru fyrst og fremst stóru hótelin og svo stóru hópbifreiðafyrirtækin. Þetta eru aðeins fyrirtæki sem eru í SA. Aðgerðir munu taka til fyrirtækjanna sem eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu og í Hveragerðisbæ því á öðrum svæðum eru félög ekki með okkur í aðgerðunum.

Umræður.

Bjarni Þór mætir hér til fundar k. 12:25

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreinda áætlun um verkfallsaðgerðir og þau fyrirtæki sem þær taka til upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða

3. Greiðslur úr Vinnudeilusjóði VR

Stefán lagði nú fram skjalið „Samþykkt um greiðslur úr Vinnudeilusjóði“ dags. 25. febrúar 2019 en um var að ræða samþykkt framkvæmdastjórnar Vinnudeilusjóðs VR um tillögu til stjórnar VR vegna greiðslna í komandi verkföllum verði þau samþykkt. Samþykktin er svo hljóðandi:

Samþykkt um greiðslur úr Vinnudeilusjóði

Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR samþykkti á fundi sínum þann 23. febrúar 2019 að leggja til við stjórn VR, vegna verkfallsboðunar á hótélum og hópþjónustufyrirtækjum um verkföll sem hefjast eiga í byrjun mars 2019, að starfandi félagsmönnum VR hjá viðkomandi fyrirtækjum verði greiddur styrkur úr Vinnudeilusjóði VR vegna tapaðra launa þá daga sem verkföll standa og haldi þá fullum launum.

Full laun verða fundin með því að taka 6 mánaða meðaltal launa samkvæmt skilum í kerfum VR.

Hver og einn félagsmaður sem um ræðir skal sjálfur sækja um greiðslur úr Vinnudeilusjóði VR í sérstöku kerfi sem sett verður á Mínar síður á vef félagsins. Um er að ræða styrk, ekki hefðbundin laun með launatengdum gjöldum, að frádreginni staðgreiðslu skatta.

Frestur til að sækja um styrkgreiðslu úr Vinnudeilusjóði VR verður 30 dagar frá því að útborgun launa hefði átt að eiga sér stað.

Umræður.

Í umræðum kom fram athugasemd um að við gættum að því að hafa þann fyrirvara á að viðkomandi átti sig á því að ekki eru greidd launatengd gjöld, orlof eða lífeyrissjóðsgreiðslur enda um styrk að ræða en ekki laun.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreinda samþykkt um greiðslur úr Vinnudeilusjóði VR til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.



4. Fundur með Almenna leigufélaginu

Ragnar Þór sagði frá því að þeir Stefán hafi fundað með bankastjóra Kviku banka sem sagði að bankinn hefði ekkert með Almanna leigufélagið að gera en hvatti okkur til að funda með fulltrúum félagsins.

Því var boðað til fundar með Almenna leigufélaginu til þess að reyna að ná samkomulagi. Á fundinum kom í ljós vilji hjá leigufélaginu til þess að draga tilbaka tilkynningar um hækkanir leigu og að bjóða langtíma leigusamninga, allt að 7 ár sem ekki yrði hægt að hækka. Muni þeir reyna að verja þessa hópa sem við höfum bent á en annar fundur er boðaður í dag og munum við þá fá loka svar um hvort þeir ætli að gera þetta með þessum hætti.

Það lítur því allt út fyrir að aðgerðir okkar hafi bitið og ekki annað hægt að segja en til hamingju stjórn VR ef þetta gengur eftir!

Umræður.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir liðnum önnur mál.

Fundi slitið kl. 13:05

Árni Leósson, fundarritari